



Hugaðu að samstarfsfólki

Allar líkur eru á að starfsmaður sem hefur verið um tíma á bráðnaða þrepinu hafi haft áhrif á þá sem hann starfar með. Stjórnendur ættu því að hafa í huga þegar þeir skipuleggja starfið framundan að huga að samstarfsfólki starfsmannsins. Mögulega hefur það verið að taka að sér viðbótar verkefni sem starfsmaðurinn hefur ekki náð að sinna. Sú staðreynd að einn úr starfsmannahópnum hefur ekki getað náð að sinna starfinu sínu hefur að öllum líkindum haft töluverð áhrif á hina í hópnum og gæti afleiðingin verið þreyta, aukinn pirringur og núningur innan samstarfshópsins.

Þegar stjórnandi og starfsmaður endurskipuleggja vinnuna og draga úr vinnuframlagi tímabundið þarf að huga að því hvaða afleiðingar það hefur fyrir samstarfsfólkið. Verður sú krafa gerð til þess að þau vinni meira eða hraðar eða verður ákveðið að sleppa tilteknum verkefnum?

Stjórnandi þarf að takast á við þessar áskoranir og koma því á framfæri að hann taki eftir viðbótar framlagi starfsfólksins.

Ráð til stjórnenda

- Taktu vel eftir og komdu því á framfæri við starfsfólkið að þú sjáir að það sé að leggja aukalega á sig. Sýndu starfsfólkinu að þú kunnir vel að meta viðbótar vinnuframlag þess.
- Upplýstu samstarfsfólkið um þær ákvarðanir sem þú hefur tekið með starfsmanninum og þér er óhætt að deila.
- Forgangsraðaðu verkefnum á sviðinu þínu og innan starfsmannahópsins. Taktu fram hverju þið verðið að ná fram og hverju verður ekki hægt að ná á meðan dregið er úr vinnuframlagi starfsmannsins.
- Kannaðu hvort þörf eða möguleiki sé á tímabundinni afleysingu.
- Leggðu þig fram við að vinna með pirring og núning innan starfsmannahópsins ef hann er til staðar eða kemur fram.

Ertu á svölum vinnustað?

Þú gætir einnig viljað skoða almennt stöðuna á vinnustaðnum og velta fyrir þér hvort hann uppfylli þau atriði sem þurfa að vera til staðar á svölum vinnustað.

- Getur starfsfólk haft áhrif á mikilvægar ákvarðanir sem tengjast starfi og aðstæðum?
- Á starfsfólkið í góðum félagslegum tengslum við sitt samstarfsfólk?
- Finnst starfsfólkinu að starf þeirra skipta máli og að framlag þeirra hafi vægi innan fyrirtækisins?
- Fær starfsfólkið viðurkenningu fyrir framlag sitt?
- Hefur starfsfólkið yfirsýn yfir verkefnið?
- Finnst því kröfur hæfilegar?

Hugaðu síðan að því að vinna með það sem þarf að bæta í vinnuaðstæðum starfsfólks. Þannig getur þú náð varanlegum árangri í viðleitni þinni við að draga úr streitu og auka vellíðan starfsfólks á vinnustaðnum.